


ANTIKA EHF 2025

Grund 2 í Grundarfirði

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Horft norðaustur yfir skráningarsvæðið

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-81-9

Verkefnanúmer MÍ: 3526

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Fornleifaskráning	7
Skráningarsvæðið	7
Tilgangur fornleifaskráningar	8
Fornleifaskráning og aðferðir	12
Minjanúmer	12
Tegund, hlutverk og heiti	12
Staðsetning	12
Staðhættir og lýsing	13
Hættumat	13
Mótvægisáðgerðir	13
Grund [211]	14
Grund [3526-800] bæjarhóll	17
Útihús [3526-808] heimild	19
Matjurtagarður [3526-809] heimild	21
Hlöðuhóll [3526-801] hóll – tóft	21
Útihús – óþekkt [3526-810] heimild	22
Útihús – óþekkt [3526-811] heimild	23
Útihús – óþekkt [3526-812] heimild	24
Útihús – óþekkt [3526-813] heimild	24

Kvíar [3526-802] tóft.....	24
Þurrabýli – útihús [3526-803] tóft	25
Hjaltalínsrústir [3526-804] tóft.....	27
Beitarhús- útihús [3526-807] tóft	30
Stefánsstekkur [3526-806] tóft	31
Fjárhús – matjurtagarður [3526-805] tóft.....	32
Samantekt	33
Heimildir	35
Þjóðskjalasafn Íslands.....	35
Árnastofnun – Örnefnasafn	35

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform á Vesturlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.	11
Mynd 2. Tóftir norðaustast á Grundarkampi frá tíma verslunarstaðarins.	15
Mynd 3. Minjar á Grundarkampi.	16
Mynd 4. Gamli bæjarhóllinn Húsahóll [3526-800] og íbúðarhúsið á Grund sem breytt hefur verið í gistihús. Horft suðvestur.	18
Mynd 5. Austurhliðin á Húsahól [3526-800].	19
Mynd 6. Hlöðuhóll [3526-801] er grænni en túnið í kring. Sléttað hefur verið úr honum og malarvegur lagður meðfram austurhliðinni.	21
Mynd 7. Græni flákinn framan við malarveginn fyrir miðju er Hlöðuhóll [3526-801]. Malarvegurinn t.v. liggur austur yfir túnið og gæti útihús [3526-810] hafa lent undir.....	22

Mynd 8. Samkvæmt túnakorti voru tvær rústir, syðri [3526-811] og nyrðri [3526-812], norðan í túni Grundar en norðurhluti þess sést hér t.v. Syðri tóftin gæti hafa verið sléttuð í túnið en stæði þeirrar nyrðri hefur mögulega lent undir gáma- og ruslaplani (fremst).....	23
Mynd 9. Kvíatóft [3526-802] undir Kvíabarði, sunnan túns.....	24
Mynd 10. Tóft [3526-803] í túninu vestan við Grundará.....	25
Mynd 11. Teikning skrásetjara af Hjaltalínsrústum [3526-804] árið 1998.....	26
Mynd 12. Hjaltalínsrústir eins og þær eru varðveittar núna sjást fremst t.v. við girðinguna sem hefur verið lögð beint yfir eystri tóftina (t.h.). Norðurendinn hefur verið skorinn burtu.....	28
Mynd 13. Tóft [3526-807].	29
Mynd 14. Stefánsstekkur [3526-806] t.v. og tóft [3526-805] t.h.	31
Mynd 15. Tóft [3526-805].	32

Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.	2
Kort 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar.	7
Kort 3. Skipulagsuppdráttur Sæmundar Hólm frá árinu 1792 sem sýnir hvernig engjum og túni og Grundar var skipt niður til afnota fyrir íbúa kaupstaðarins. Kortið er varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.	14
Kort 4. Fornleifar á skipulagsvæðinu.....	17
Kort 5. Túnakort Grundar frá 1917-1918.....	20
Kort 6. Uppmæling af beitarhúsi - fjárhúsi [3526-807].	29
Kort 7. Fjárhús eða matjurtargarður [805] og Stefánsstekkur [806].	30

Inngangur

Að beiðni Maríu Lísbetar Ólafsdóttur hjá Landlínu ehf., fyrir hönd Páll Harðarsonar landeiganda, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags í landi Grundar og Grundar 2 í Grundarfirði.

Skráningin fékk verknúmerið 3526 hjá Minjastofnun Íslands.

Á skráningarsvæðinu fundust fimm fornleifar, bæjarhóll, tóftir kvía, útihúsa og mögulega þurrabýla. Rétt utan við mörkin voru auk þess skráðar þrjár fornleifar til viðbótar, tóftir beitarhúsa, stekkjur, fjárhúss eða matjurtagarðs.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir af minjum sem voru skráðar og friðlýstum minjum á Grundarkampi vestan við skráningarsvæðið.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráning

Fornleifaskráning fór fram á Grund árið 1998 í tengslum við aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar og kom út í skýrslu 2005.¹ Mælingatæki voru þó ekki eins fullkomin þá og þau eru orðin núna og minjar eru því ekki alltaf nákvæmt staðsettar. Samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands þarf að staðsetja og mæla allar minjar nákvæmlega upp og var það gert í skráningunni sem hér fer á eftir. Gengið var um allt, minjarnar mældar og teknar myndir.



Kort 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir tún Grundar 2 og hluta af túni Grundar. Grundará rennur um það vestanvert frá norðvestri til suðausturs. Vesturmörkin liggja meðfram þjóðveginum og suðurmörkin meðfram læk sem rennur um svokallað Bæjargil. Austan megin liggja mörkin

¹ Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson, 2005.

meðfram brekkurótum og að norðanverðu eru þau norðan við Hjaltalínslæk. Allt svæðið er umgirt nýlegri girðingu.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attributes	Text	Relations	Geo Objects	Documents	Events
Attribute	Value				
Id	556				
Name	Grásteinn				
Class	Arkeologíska object				
minj_id	3524-556				
eldra_minj_id	ekki skráð áður				
verkefna nr	3524				
Sérheiti	Grásteinn				
bæjarnafn	Krumshólar				
jarðatal johnsen	102				
flokkun	búsetumínjar				
tegund	steinn				
efni	grjót				
verndun	friðað				
lengd	2.5 meter				
breidd	1.7 meter				
veggjahæð frá					
veggjahæð_til	1.6				
breidd veggjar					
Athugasemdir	Náttúrulegur steinn				
umhverfi	melar				
svæði	Hólkotsás				
túnakort	nei				
aldur_fra	900				
aldur_til	1930				
skráning	Ragnheiður Traustadóttir Rúna K. Tetzschner				
mæling	uppmæling				
heimsott	18.11.2025				
horfin	nei				
horfin_astæða	<None>				
ástand	ekki manngert				
hættumat	<None>				
hættuorso	<None>				
haetta_tilefni	engin hætta				
minjagildi	mikið				
Verkefni	Fornleifaskráning v/deiliskipulags				
sveitarfélag	Borqarbyqqð				
Hlutverk	landamerki				

Mynd 1. Skráningarform á Vesturlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir Grund [211] og er vísað til jarðarinnar með númeri úr *Jarðatali* Johnsens frá árinu 1847. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir og gerð kort, auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Hjaltalínsrústir „[3526-804]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Vesturlandi.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er venjulega lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis óþekktar minjar. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis kvíar [3526-802].

Staðsetning

Tekin eru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Suðurlands. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Hætta vegna tilefnis þýðir að fornleifum stafi hætti vegna fyrirhugaðra framkvæmda, svo sem við skógrækt eða nýbyggingar.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa sex fornleifar horfið.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.



Kort 3. Skipulagsuppdráttur Sæmundar Hólm frá árinu 1792 sem sýnir hvernig engjum og túni og Grundar var skipt niður til afnota fyrir íbúa kaupstaðarins. Kortið er varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Grund [211]

Jörðin Grund í Eyrarsveit er fyrst nefnd í fornbréfi árið 1479.² Grundarfjörður sem augsýnilega er kenndur við jörðina kemur fyrir nokkru fyrr eða 1467.³ Framan af eru fáar heimildir um Grund en getið er um enska, þýska og norska kaupmenn í Grundarfirði um 1600 og danskir kaupmenn voru þar á tímum einokunarverslunarinnar á 17. og 18. öld. Líklega höfðust þeir við á Grundarkampi sem stundum hefur verið nefndur Grundarfjarðarkaupstaður

² Íslenskt fornbréfasafn, VI, 1900–1904, 206–207.

³ Íslenskt fornbréfasafn, V, 1899–1902, 503.

hinn forni.⁴ Kampurinn liggur norðvestur milli sjávar og svokallaðs Síkis, vestan við tún Grundar og tilheyrði jörðinni.

Þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var skrifuð árið 1709 var Grund metin 20 hundruð. Hún var þá í eigu kirkjunnar á Setbergi í Eyrarsveit og þar var tvíbýli. Ábúendur, leiguliðarnir Ormur Jónsson og Þórður Guðlaugsson skiptu jörðinni til helminga en hinn síðarnefndi var sjálfur eigandi að jörðinni Kolgröfum þar sem bjuggu aðrir tveir leiguliðar.⁵



Mynd 2. Tóftir norðaustast á Grundarkampi frá tíma verslunarstaðarins.

Þegar einokunarversluninni var aflétt árið 1786 og verslun gefin frjáls var Grundarfjörður formlega gerður að kaupstað, einn sex slíkra á Íslandi. Ákveðið var að miðstöð verslunarinnar yrði á Grund. Árið 1792 keypti konungur jörðina af Setbergskirkju til verslunarstæðis fyrir

⁴ Steinunn Kristjánsdóttir, 42-44, 52, 2000; Ásgeir Guðmundsson, 2003, 209-245.

⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, V, 1931-1933, 279-280, 307.

Grundarfjörð og Sæmundur Magússon Hólm, prestur á Helgafelli, var fenginn til að gera skipulagsuppgátt af kaupstaðnum. Á uppgáttinum má sjá hvernig túni og engjum Grundar skyldi skipt niður til afnota fyrir væntanlega kaupstaðarbúa.⁶ Tóftir í túni Grundar gætu hugsanlega verið þurrabúðir frá þessum tíma [3526-804] og [3526-803]. Miklar tóftir frá tíma kaupstaðarins eru auk þess varðveittar á Grundarkampi og voru þær friðlýstar árið 1985.⁷ Þessar minjar hafa verið mældar upp á vegum Minjastofnunar Íslands.⁸ Þær eru þó utan skráningarsvæðis þessa verkefnis.



Mynd 3. Minjar á Grundarkampi.

Konungur seldi Grund aftur árið 1843 og þegar *Jarðatal* Johnsens var tekið árið 1847 var hún því í bændaeign, metin 20 hundruð og einn ábúandi.⁹ Grund var í ábúð langt fram eftir 20. öld en nú er þar fjölskyldurekið gistihús.¹⁰

⁶ Steinunn Kristjánsdóttir, 2000, 43-49; Ásgeir Guðmundsson, 2003, 245-254; Sæmundur Magnússon Hólm, 1792.

⁷ *Skrá um friðlýstar fornleifar með viðbótum*, 1990, 13,

⁸ *Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands*.

⁹ Johnsen, 1847, 152.

¹⁰ *Jarða- og ábúendatal*, 1977, 401; Páll Harðarson.



Kort 4. Fornleifar á skipulagsvæðinu

Grund [3526-800] bæjarhóll

Á túnakorti frá árunum 1917-1918 má sjá bæinn á Grund fremur sunnarlega vestan megin í túni.¹¹ Síðar hafa svo íbúðarhúsin verið færð svolítið vestar og túni hefur verið bætt við vestan við Grundará. Í örnefnalýsingu segir: „Upp og austur af íbúðarhúsinu er hóll, allhár að sunnan, er hann kallaður Húsahóll.“¹² Þegar fornleifaskráning fór fram árið 1998 var Húsahóll [3526-800] lýst svona: „Ekki sér móta fyrir neinum rústum, þó hóllinn sé greinilega rústahóll, en ætla má að þær sé að finna á nær öllum kollunum. Á þeim austasta, og stærsta, má sjá hleðslugrjót á yfirborði. Í þessum hól er reykhus enn uppistandandi í honum austanverðum. Í reykhusinu gætu leynst veggjahleðslur og húshluti úr torfbænum.“¹³

¹¹ Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.

¹² Ö-Grund, 1.

¹³ Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson, 2006, nr. 1:3.



Mynd 4. Gamli bæjarhóllinn Húsahóll [3526-800] og íbúðarhúsið á Grund sem breytt hefur verið í gistihús. Horft suðvestur.

Bæjarstæði Grundar er á náttúrulegri hæð í landslaginu fram við bakka Grundarár og bæjartúnið er vestan undir fjallshlíð. Núverandi hús standa vestan megin á þessari hæð og liggur aðkeyrsla að þeim að hluta til inn yfir nyrsta hlutann af Húsahól sem er austan megin á hæðinni. Hóllinn er 2-3,5 m að hæð og bendir þykktin til þess að þar hafi átt sér stað töluverð uppsöfnun mannvistarlag. Hóltoppurinn er hæstur norðaustan megin. Hvergi sér þó móta fyrir tóftum og hleðslugrjót og reykhus sem lýst er í fyrri fornleifaskráningu eru horfin. Hóllinn er þó líklegur til að geyma langa búsetusögu og varðveita mannvistalög.




Mynd 5. Austurhliðin á Húsahól [3526-800].

Útihús [3526-808] heimild

Á túnakort er hús [3526-808] merkt inn fast austan við bæinn og er líklega um einhvers konar útihús að ræða.¹⁴ Engar minjar sjást um þetta hús en ætla má að það sé hluti af bæjarhólnum [3526-800].

¹⁴ Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.



Kort 5. Túnakort Grundar frá 1917-1918.

Matjurtagarður [3526-809] heimild

Á túnakorti er matjurtagarður [3526-809] sýndur fast suðaustan við bæinn og sunnan við útihús [3526-809].¹⁵ Engin ummerki sjást lengur um þennan garð en minjar hans gætu leynst í Húsahól [3526-800].



Mynd 6. Hlöðuhóll [3526-801] er grænni en túnið í kring. Sléttað hefur verið úr honum og malarvegur lagður meðfram austurhlíðinni.

Hlöðuhóll [3526-801] hól – tóft

Samkvæmt túnakorti var hlaða í túninu vestan við bæinn.¹⁶ Í örnefnalýsingu segir: „Ofar í hlíðinni er annar hól, minni, hann er nefndur Hlöðuhóll. Stóð þar áður heyhlaða.“¹⁷ Þessi hól [3526-801] er enn sýnilegur vestan við Húsahól [3526-800] en virðist hafa verið sléttað úr

¹⁵ Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.

¹⁶ Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.

¹⁷ Ö-Grund, 1.

honum þannig að einungis er eftir bunga sem sker sig þó greinilega frá túninu í kring vegna þess að hún er hærri og grænni. Jafnvel virðist enn mega sjá móta fyrir tóft með veggjum; hólbungan hefur ferhyrnda lögun og miðjan þar sem botninn hefur verið er lægri. Hæðin er á bilinu 0,3-0,7 m. Malarvegur með stefnu suður hefur verið lagður fast upp við Hlöðuhól, meðfram austurhliðinni. Hann sést ekki á loftmynd frá 2024 og er því nýr.



Mynd 7. Græni flákinn framan við malarveginn fyrir miðju er Hlöðuhóll [3526-801]. Malarvegurinn t.v. liggur austur yfir túnið og gæti útihús [3526-810] hafa lent undir.

Útihús – óþekkt [3526-810] heimild

Á túnakorti er hús [3526-810] merkt inn norðan við hlöðu [3526-801].¹⁸ Líklega hefur þar verið útihús en engin merki sjást þó lengur um það. Malarvegur sem liggur frá núverandi húsum austur yfir túnið gæti hafa lent ofan á stæði þess eða þá að það hafi horfið í skurð sem virðist hafa legið yfir túnið á sömu slóðum en örlítið sunnar. Vegurinn sést ekki á loftmynd

¹⁸ Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.

frá árinu 2017. Þá er skurðurinn kominn en hann er hins vegar ekki sýnilegur á loftmynd sem var tekin 2016. Á loftmynd árið 2023 hefur vegurinn verið lagður og fyllt upp í skurðinn.

Útihús – óþekkt [3526-811] heimild

Á túnakort er merkt inn rúst [3526-811] norðan við hús [3526-810].¹⁹ Engin merki sjást lengur um hana og hefur hún væntanlega verið sléttuð í túnið. Staðsetning er ónákvæm og ekki er hægt að greina tóftina á eldri loftmyndum.



Mynd 8. Samkvæmt túnakorti voru tvær rústir, syðri [3526-811] og nyrðri [3526-812], norðan í túni Grundar en norðurhluti þess sést hér t.v. Syðri tóftin gæti hafa verið sléttuð í túnið en stæði þeirrar nyrðri hefur mögulega lent undir gáma- og ruslapani (fremst).

¹⁹ Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.

Útihús – óþekkt [3526-812] heimild

Á túnakorti er merkt inn rúst [3526-812] norðan við rúst [3526-811].²⁰ Engin merki sjást heldur um þessa nyrðri rúst. Hún gæti hafa horfið í túnið eða lent undir gáma- og ruslaplani sem nú er norðaustan við gistihúsið á Grund. Þetta plan sést ekki á loftmynd frá árinu 2017 en er komið á loftmynd 2023. Ekki er heldur hægt að greina tóftina á eldri loftmyndum og er staðsetning hennar ónákvæm.

Útihús – óþekkt [3526-813] heimild

Á túnakort er merkt inn hús [3526-813] í norðausturhorni túnsins.²¹ Líklega hefur þarna verið útihús, en engar minjar sjást um það. Væntanlega hefur það verið sléttað í túnið. Staðsetning er ónákvæm og ekki er hægt að greina tóftina á eldri loftmyndum.



Mynd 9. Kvíatóft [3526-802] undir Kvíabarði, sunnan túns.

Kvíar [3526-802] tóft

Í örnefnalýsingu segir: „Fyrir sunnan og ofan túnið er barð, sem kallað er Kvíabarð, vestan undir því eru gamlar Kvíar.“²² Undir barði á suðurbakka lækjar sem rennur sunnan við túnið, beint undir háspennulínu, er lítil ferhyrnd tóft [3526-802] sem gæti verið af kvíunum. Tóftin

²⁰ Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.

²¹ Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.

²² Ö-Grund, 1.

er 3,8x3,4 m. Veggir eru 0,2-0,4 m á hæð og 0,7 m á breidd. Þeir eru yfirgrónir grasi og ekki sér í hleðslugrjót. Útgangur virðist snúa norður að læknum. Tóftin er á mörkum skráningarsvæðisins, um 2 m suðaustan við mörkin.




Mynd 10. Tóft [3526-803] í túninu vestan við Grundará.


Þurrabýli – útihús [3526-803] tóft

Á korti Sæmundar Hólm frá árinu 1792 er engi vestan við Grundará og það er merkt „Hofsengi til Setbergs“.²³ Á túnakorti frá 1917-1918 er tún Grundar einungis austan við Grundará en ekkert tún vestan árinna. Síðan hefur hins vegar verið ræktað þar tún. Áin rennur neðan við hæðina þar sem húsin standa og túnið vestan hennar liggur töluvert lægra í landinu en gamla túnið austan árinna. Á vesturtúninu fannst ein tóft við ána. Hún gæti verið af þurrabýli frá tíma verslunarinnar en meðan kaupstaðurinn var á Grundarkampi virðist þetta engi hafa verið nýtt fyrir kaupstaðarbúa. Á hinn bóginn gæti þetta líka verið tóft af útihúsi tengdu búskapnum; staðsetningin vestan við Grundará hefur þó verið óhentug dálítið fyrst bærinn stóð austan árinna. Tóftin snýr nokkurn veginn norður – suður og opnast norður. Veggir eru 0,4-0,7 m á hæð og um 1,5 m á breidd. Þeir er yfirgrónir grasi og sést ekkert grjót.

²³ Sæmundur Hólm, 1792.



Mynd 11. Uppmæling af Hjaltalíngrústum 2025 [3526-804].



Mynd 12. Teikning skrásetjara af Hjaltalíngrústum [3526-804] árið 1998.

Hjaltalínsrústir [3526-804] tóft

Í örnefnalýsingu segir: „Norðarlega á túninu eru rústir, sem heita Hjaltalínsrústir, eru þær vestan undir túbrenkkunni. Fyrir sunnan þær er lækur, sem Hjaltalínslækur heitir.“²⁴

Tóftirnar eru staðsettar á þýfðum grasi grónum rana mill Hjaltalínslækjar og ónefnds lækjar norðan hans. Lækirnir sameinast síðan nokkru vestar. Þegar tóftirnar voru skráðar árið 1998 var þeim lýst með eftirfarandi hætti:

1. Hjáleiga – þurrabúð? 8 x 11 m (NNA - SSV). Veggir úr torfi og grjóti, 1-2 m breiðir og 0,3-0,7 m háir. Tvö hól (A-B) eru á rústinni og dyr á þeim báðum til V. Vel gróin.

2. Rúst. Við SV enda rústar 1 er rúst sem virðist vera undir henni. Hún er 3,5 x 7 m (N - S). Veggir úr torfi og grjóti, ca. 1,5 m breiðir og 0,3-0,4 m háir. Dyr mót V. Grasi og mosa gróin.

Ca. 25 m A af rús.t 1 er rúst 3.

3. Rúst 3 x 5 m (N - S). Veggir úr torfi og grjóti, ca. 1,5 m breiðir og 0,2-0,4 m háir. Rústin er fremur ógreinileg. Liggur hún beint undir rafmagnslínu (þeirri vestari af tveimur).“

Rúst 2 og 3 eru ekki ólíkar þingbúðarrústum og örnefni á svæðinu svo sem Þinghúsflatir norðan við rústirnar, er athyglisvert í þessu sambandi. [...] Engar athuganir voru gerðar á því hvort þing gæti hafa verið á svæðinu.²⁵

²⁴ Ö-Grund, 1.

²⁵ Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson, 2005, nr. 1:4.



Mynd 13. Hjaltalínsrústir eins og þær eru varðveittar núna sjást fremst t.v. við girðinguna sem hefur verið lögð beint yfir eystri tóftina (t.h.). Norðurendinn hefur verið skorinn burtu.

Ummerki hafa breyst umtalsvert á þeim 27 árum sem liðin eru frá fyrri skráningu. Girðing hefur verið lögð yfir minjarnar, gegnum eystri og stærri tóftina, og er nyrðra hólfið sem mælt var upp 1998 með öllu horfið. Það hefði átt að koma fram utan við girðinguna en virðist hafa verið rutt burt við framkvæmdirnar. Auk þess er norðurveggur syðra hólfsins horfinn og er auðsætt að sneitt hefur verið af tóftinni.

Eins og eystri tóftin lítur út núna er hún opin í norður. Veggir ná mest 1 m hæð og eru um 1 m að breidd. Hin tóftin sem í lýsingu skráningarinnar 1998 er nr. 2 er töluvert lægri og ná veggir um 0,5 m hæð. Hún virðist opnast suður en við fyrri skráningu er hins vegar teiknaður veggur sunnan megin og dyrnar taldar vera að vestanverðu. Túlkunin þar gengur út á að lægri og vestri tóftin sé eldri en sú hærri og eystri yngri. Eins og þetta kemur fyrir sjónir núna er erfitt að fullyrða nokkuð um mismunandi aldur. Hæðarmunur er á tóftunum og tvöföld veggjaþykkt er á milli þeirra þannig að önnur hefur væntanlega verið byggð upp við hina. Þær eru hins vegar samfastar og virðast hafa nákvæmlega sömu stefnu.

Þriðja tóftin sem samkvæmt fyrri skráningu var staðsett undir rafmagnslínu austur frá þessum lendir utan við skráningarsvæðið og var ekki könnuð á vettvangi.




Mynd 14. Beitarhús-fjárhús [3526-807].



Kort 6. Uppmæling af beitarhúsi - fjárhúsi [3526-807].

Beitarhús- útihús [3526-807] tóft

Við fornleifaskráningu árið 1998 er lýst tvíhólfa tóft um „35 m ASA af vegamótum þjóðveggar og heimreiðar að Grund. Á sléttum fleti undir brekkurót.“²⁶ Þetta er örlítið utan við mörk skráningarsvæðisins en tóftin var þó mæld upp. Hún stendur fyrir framan svolítinn gilskorning í hlíðinni, snýr nokkurn veginn austur – vestur og opnast að girðingu sem lögð hefur verið fast upp að henni vestan megin. Nyrðra hólfið er styttra en hið syðra lengra. Veggir eru á bilinu 0,2-0,4 m að hæð og um 1,2 m á breidd, gólfín svolítið niðurgrafín. Tóftin virðist hafa haldist lítið breytt frá fyrri skráningu nema hvað þar er lýst hleðslugrjóti sem ekki er lengur sýnilegt. Hún er nú vel yfirgróin grasin. Ef til vill hefur þarna verið beitarhús.



Kort 7. Fjánhús eða matjurtagarður [805] og Stefánsstekkur [806].

²⁶ Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson, 2005, nr. 5:1.



Mynd 15. Stefánsstekkur [3526-806] t.v. og tóft [3526-805] t.h.

Stefánsstekkur [3526-806] tóft

Í örnefnalýsingu segir: „Upp af Kvíabarði er stekkjarrúst, sem heitir Stefánsstekkur. Þar er og fjárhústóft. Umhverfis rústirnar er flöt grasgefin, sem venjulega er slegin.“²⁷ Þessi stekkur [3526-806] er í stórþýfðri hlíð ofan við bæjartúnið, vestan við Húsahól [3526-800] og gistihús á Grund. Hann er utan við skráningarsvæðið en var þó mældur upp. Stekkurinn snýr nokkurn veginn norður – suður og er opin í norður. Hann er 10 m langur og 5,8 m á breidd. Veggir eru 1-1,2 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Þeir eru yfirgrónir grasi og sést ekki grjót en eru sennilega hlaðnir úr torfi og grjóti.

²⁷ Ö-Grund, 1-2.



Mynd 16. Tóft [3526-805].

Fjárhús – matjurtagarður [3526-805] tóft

Samkvæmt örnefnalýsingu er fjárhústóft [3526-805] hjá Stefánsstekk [3526-806].²⁸ Fast við hliðina á steknum en örlítið neðar í hliðinni er ferhyrnd tóft. Hún er 8,9 x 8,2 m að stærð, veggir 0,7-1 m að breidd og 0,5-0,8 m. Þeir eru á kafi í grasi og sést ekki hleðslugrjót en er hart undir; líklega eru þeir hlaðnir úr torfi og grjóti. Útgangur virðist vera við suðausturhornið og snýr að steknum fyrir ofan. Ferhyrnda tóftin líkist að vísu fremur matjurtagarði en hann gæti þá hafa verið byggður þar sem áður var fjárhús.

²⁸ Ö-Grund, 1-2.

Samantekt

Samtals voru skráðar voru 14 fornleifar en þar af eru einungis átta sýnilegar á vettvangi og þrjár þeirra eru rétt utan við mörk skráningarsvæðisins. Sex fornleifar sem vitað er um á svæðinu eru horfnar eða sjást ekki á yfirborði.

Grund kemur fyrst fyrir í riti árið 1479 og Grundarfjörður sem væntanlega er kenndur við hana nokkru fyrr. Jörðin á sér þó vafalaust lengri sögu og gamli bæjarhóllinn Húsahóll [3526-800], austan núverandi húsa gæti miðað við stærðina geymt uppsafnaðar minjar frá fyrri öldum. Hann hefur mikið minjagildi. Austan hans er hólbunga, Hlöðuhóll [3526-801], þar sem mótar fyrir tóft. Á lækjarbakka í suðurjaðri túsins og svæðisins er kvíatóft [3526-802] og í túninu vestan gistihúsanna er tóft [3526-803], sem gæti verið af þurrabúð eða útihúsi. Milli lækja á norðurmörkum svæðisins eru svokallaðar Hjaltalínsrústir [3526-804] sem einnig gætu verið frá þurrabúð eða litlu býli. Girðing hefur verið lögð yfir tóftina og af samanburði við fyrri fornleifaskráningu 1998 má sjá að norðurendanum hefur verið raskað en mótar þó fyrir þústum handan við girðinguna. Þessar tóftir hafa nokkurt minjagildi.

Ofangreindar fornleifar eru innan skráningarsvæðisins og þarf við framkvæmdir að gæta vel að fjarlægðarmörkum og er minnt á að samkvæmt 22. gr. mml. skal gera ráð fyrir 15 m friðhelgu svæði frá ystu mörkum fornleifa.

Aðrar minjar sem vitað er um í túninu út frá heimildum eru hins vegar horfnar og er staðsetning þeirra áætluð. Útihús [3526-808] og matjurtagarður [3526-809] gætu þó leynst í Húsahól ásamt leifum eldri bæja. Útihús, [3526-810] og [3526-813] og tóftir [3526-811] og [3526-812] sem sýndar eru í norðanverðu túninu gætu hafa verið sléttaðar í túnið eða að þær hafa horfið við framkvæmdir. Af samanburði við loftmyndir má raunar sjá að töluverðar framkvæmdir hafa farið fram síðasta áratuginn. Malarvegir hafa verið lagðir þvert austur og suður yfir túnið. Norðvestan í því hefur verið komið upp geymsluplani fyrir gáma og fleira. Auk þess hefur verið byggt hús fast við Húsahól og aðkeyrsla að því lögð yfir norðvestasta hluta hans. Hvorki vegirnir, planið né húsið voru komin þegar loftmynd var tekin árið 2016.

Rétt utan við mörk svæðisins voru skráðar tóftir beitarhúsa [3526-807], stekkjir [3526-806] og fjárhúss eða matjurtagarðs [3526-805] sem líka hafa nokkurt minjagildi en eru þó ekki í hættu.

Utan við skráningarsvæðið finnast fleiri fornleifar, meðal annars á Þingflötum norðar við túnið og ekki síst á Grundarkampi þar sem eru friðlýstar minjar frá tímum verslunarstaðarins.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Ásgeir Guðmundsson. (2003). Verslunin í Grundarfirði. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn: Safn til sögu Eyrarsveitar* (4). Grundarfjörður: Eyrbyggjar: Hollvinasamtök Grundarfjarðar. Bls. 209-301.

Íslenskt fornbréfasafn, V. (1899–1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenskt fornbréfasafn, VI. (1900–1904). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (V). (1931–1933). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

Jarða- og ábúendatal. Í Þórður Kárasen, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jóhannesarson (ritnefnd), *Byggðir Snæfellsness* (bls. 240-477).

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835–1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson. (2005). *Fornleifaskrá Grundarfjarðarbæjar*. Fornleifafræðistofan.

Minjavefsjá. Minjastofnun Íslands. Sótt 27. nóvember 2025 á:
<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>.

Páll Harðarson. Our story. Kirkjufell Guesthouse. Sótt 27. nóvember 2025 á:
<https://guesthousekirkjufell.is/about-us/>.

Skrá um friðlýstar fornleifar með viðbótum. (1990, fyrsta útg.). Sótt 27. nóvember 2025 á:
<https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/friðlysingaskra-med-vidbotum.pdf>.

Steinunn Kristjánsdóttir. Grundarfjörður hinn forni. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn: Safn til sögu Eyrarsveitar* (1). (2000). Grundarfjörður: Eyrbyggjar: Hollvinasamtök Grundarfjarðar. Bls. 42-55.

Þjóðskjalasafn Íslands

Sæmundur Magnússon Hólm. (1792). *Situations Kart over Kjøbstedet Grønnefjord med Gaarden Grunds Hjemme- og Udmarker efter Sysselmand F. Jonssons Delings Forretning af 19de Juni og 2. juli 1792*.

Túnakort Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, 1917-1918.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Grund: Örnefnalýsing Grundar í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu. [Ekkert ártal]. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun.

ANTIKA EHF 2025

Fornleifaskrá

Grund Grundarfirði

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir



Nr.	3526-800	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	Grund 3:1-2	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Grundartún	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	hóll	Hlutverk	bæjarhóll	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti	Grund	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	illgreinanlegar	Hættumat	mikil hætta	Hættuorsök	vegna bygginga		
Hætta tilefni	vegna	Efni	torf og grjót	Aldur frá	1400	Aldur til	1930
Leid		Horfin	nei	Horfin ástæða			
Lengd m	66	Breidd m	47	Hæð m	3,5	Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m	2	Veggjahæð til m	3,5	Breidd veggjar m			
Mæling	uppmæling	Túnakort	Túnakort 1917-1918	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301178,8410	Isnet N	498245,8229	Heimildir			
Minjagildi	mikið	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir					



Á túnakorti frá árunum 1917-1918 má sjá bæinn á Grund fremur sunnarlega vestan megin í túni. Í örnefnalýsingu segir: „Upp og austur af íbúðarhúsinu er hóll, allhár að sunnan, er hann kallaður Húsahóll. Bæjarstæði Grundar er á náttúrulegri hæð í landslaginu fram við bakka Grundarár og bæjartúnið er vestan undir fjallshlíð. Núverandi hús standa vestan megin á þessari hæð og liggur aðkeyrsla að þeim að hluta til inn yfir nyrsta hlutann af Húsahól sem er austan megin á hæðinni. Hóllinn er 2-3,5 m að hæð og bendir þykktin til þess að þar hafi átt sér stað töluverð uppsöfnun mannvistarlaga. Hóltoppurinn er hæstur norðaustan megin. Hvergi sér þó móta fyrir tóftum og hleðslugrjót og reykhus sem lýst er í fyrri fornleifaskráningu eru horfin. Hóllinn er þó líklegur til að geyma langa búsetusögu og varðveita mannvistarlög. **Sjá frekar í skýrslu**

Nr.	3526-801	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Grundartún	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	hóll	Hlutverk	hlaða	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti	Hlöðuhóll	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	illgreinanlegar	Hættumat	mikil hætta	Hættuorsök	vegna vegagerðar		
Hætta tilefni	vegna	Efni	torf	Aldur frá	1800	Aldur til	1930
Leid		Horfin	nei	Horfin ástæða			
Lengd m	16	Breidd m	9	Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m	,3	Veggjahæð til m	,7	Breidd veggjar m			
Mæling	uppmæling	Túnakort	Túnakort 1917-1918	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301243,0229	Isnet N	498267,3809	Heimildir			
Minjagildi	nokkurt	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Samkvæmt túnakorti var hlaða í túninu vestan við bæinn. Í örnefnalýsingu segir: „Ofar í hlíðinni er annar hóll, minni, hann er nefndur Hlöðuhóll. Stóð þar áður heyhlaða.“ Þessi hóll [3526-801] er enn sýnilegur vestan við Húsahól [3526-800] en virðist hafa verið sléttuð úr honum þannig að einungis er eftir bunga sem sker sig þó greinilega frá túninu í kring vegna þess að hún er hærri og grænni. Jafnvel virðist enn mega sjá móta fyrir tóft með veggjum; hólbungan hefur ferhyrnda lögun og miðjan þar sem botninn hefur verið er lægri. Hæðin er á bilinu 0,3-0,7 m. Malarvegur með stefnu suður hefur verið lagður fast upp við Hlöðuhól, meðfram austurhlíðinni. Hann sést ekki á loftmynd frá 2024 og er því nýr.

Nr.	3526-802	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Kvíabarð	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	tóft	Hlutverk	kvíar	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	greinanlegar	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	engin hætta	Efni	torf og grjót	Aldur frá	1700	Aldur til	1900
Leid		Horfin	nei	Horfin ástæða			
Lengd m	3,8	Breidd m	3,4	Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m	,2	Veggjahæð til m	,4	Breidd veggjar m	,7		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301249,06	Isnet N	498190,97	Heimildir			
Minjagildi	nokkurt	Umhverfi	gras- og mólendi				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	2 m utan svæðis				



Í örnefnalýsingu segir: „Fyrir sunnan og ofan túnið er barð, sem kallað er Kvíabarð, vestan undir því eru gamlar Kvíar.“ Undir barði á suðurbakka lækjar sem rennur sunnan við túnið, beint undir háspennulínu, er lítil ferhyrnd tóft [3526-802] sem gæti verið af kvíunum. Tóftin er 3,8x3,4 m. Veggir eru 0,2-0,4 m á hæð og 0,7 m á breidd. Þeir eru yfirgrónir grasi og ekki sér í hleðslugrjót. Útgangur virðist snúa norður að læknum. Tóftin er á mörkum skráningarsvæðisins. Tóftin er á mörkum skráningarsvæðisins, rétt um 2 m suðaustan við mörkin.“

Nr.	3526-803	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði		Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	tóft	Hlutverk	óþekkt	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	greinanlegar	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni		Efni	torf	Aldur frá	1700	Aldur til	1930
Leid		Horfin	nei	Horfin ástæða			
Lengd m	7,9	Breidd m	5,7	Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m	,4	Veggjahæð til m	,7	Breidd veggjar m	1,5		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301109,2380	Isnet N	498372,5140	Heimildir			
Minjagildi	nokkurt	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Á korti Sæmundar Hólm frá árinu 1792 er engi vestan við Grundará og það er merkt „Hofsengi til Setbergs“. Á túnakorti frá 1917-1918 er tún Grundar einungis austan við Grundará en ekkert tún vestan árinna. Síðan hefur hins vegar verið ræktað þar tún. Áin rennur neðan við hæðina þar sem húsin standa og túnið vestan hennar liggur töluvert lægra í landinu en gamla túnið austan árinna. Á vesturtúninu fannst ein tóft við ána. Hún gæti verið af þurrabýli frá tíma verslunarinnar en meðan kaupstaðurinn var á Grundarkampi virðist þetta engi hafa verið nýtt fyrir kaupstaðarbúa. Á hinn bóginn gæti þetta líka verið tóft af útihúsi tengdu búskapnum; staðsetningin vestan við Grundará hefur þó verið óhentug dálítið fyrst bærinn stóð austan árinna. Tóftin snýr nokkurn veginn norður - suður og opnast norður. Veggir eru 0,4-0,7 m á hæð og um 1,5 m á breidd. Þeir er yfirgrónir grasi og sést ekkert grjótt.

Nr.	3526-804	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	Grund 4:1-2	Jarðatalsnr.	211
Svæði		Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	tóft	Hlutverk	óþekkt	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti	Hjaltalínsrústir	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	greinanlegar	Hættumat	mikil hætta	Hættuorsök	vegna framkvæmda		
Hætta tilefni	engin hætta	Efni	torf og grjót	Aldur frá	1400	Aldur til	1900
Leid		Horfin	a' hluta	Horfin ástæða	v/ girðingavinnu		
Lengd m	5,4	Breidd m	7,4	Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m	0,5	Veggjahæð til m	1	Breidd veggjar m	1		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301230,5389	Isnet N	498412,7320	Heimildir			
Minjagildi	nokkurt	Umhverfi	gras- og mólendi				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	utan svæðis en mikið rask hefur verið þarna				



Í örnefnalýsingu segir að norðarlega á túninu séu Hjaltalínsrústir, vestan undir túnbrekkunni, og rennur Hjaltalínslækur sunnan við þær. Rústirnar standa á grónum rana milli tveggja lækja sem sameinast vestar. Við skráningu 1998 voru tvær tóftir mældar, en ummerki hafa breyst mikið síðan. Girðing hefur verið lögð beint yfir eystri og stærri tóftina, og nyrðra hólfið sem var mælt 1998 er nú horfið og virðist hafa verið rutt burt. Einnig er norðurveggur syðra hólfsins horfinn og greinilega sneitt af tóftinni. Eystri tóftin er nú opin í norður; veggir ná um 1 m hæð og eru um 1 m á breidd. Vestri tóftin er mun lægri, með vegg um 0,5 m á hæð, og virðist opnast suður, þó eldri lýsing teikni vegg syðst og dyr til vesturs. Fyrri túlkun taldi vestri tóftina eldri og eystri nýrri, en miðað við núverandi ástand er erfitt að fullyrða um aldursmun. Tóftirnar eru samfastar, með sömu stefnu, og hæðar- og veggjabykktarmunur bendir til að ein hafi verið byggð upp við hina. Þriðja tóft sem getið er í skráningu 1998 er austar undir rafmagnslínu, utan skráningarsvæðis, og var því ekki könnuð. (sjá frekar í skýrslu)

Nr.	3526-805	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráður	Jarðatalsnr.	211
Svæði		Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	tóft	Hlutverk	fjárhús	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	greinanlegar	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	engin hætta	Efni	torf	Aldur frá	1500	Aldur til	1900
Leid		Horfin	nei	Horfin ástæða			
Lengd m	8,9	Breidd m	8,1	Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m	0,5	Veggjahæð til m	0,8	Breidd veggjar m	1		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301323,842	Isnet N	498277,848	Heimildir			
Minjagildi	nokkurt	Umhverfi	gras- og mólendi				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Samkvæmt örnefnalýsingu er fjárhústóft [3526-805] hjá Stefánsstekk [3526-806]. Fast við hliðina á stekknunum en örlítið neðar í hliðinni er ferhyrnd tóft. Hún er 8,9 x 8,2 m að stærð, veggir 0,7-1 m að breidd og 0,5-0,8 m. Þeir eru á kafi í grasi og sést ekki hleðslugrjót en er hart undir; líklega eru þeir hlaðnir úr torfi og grjóti. Útgangur virðist vera við suðausturhornið og snýr að stekknunum fyrir ofan. Ferhyrnda tóftin líkist að vísu fremur matjurtagarði en hann gæti þá hafa verið byggður þar sem áður var fjárhús.

Nr.	3526-806	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði		Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	tóft	Hlutverk	stekkur	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti	Stefánsstekur	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	greinanlegar	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	engin hætta	Efni	torf og grjót	Aldur frá	1500	Aldur til	1930
Leid		Horfin	nei	Horfin ástæða			
Lengd m	10	Breidd m	5,8	Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m	0,3	Veggjahæð til m	0,6	Breidd veggjar m	1,2		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301334,1390	Isnet N	498275,3659	Heimildir			
Minjagildi	nokkurt	Umhverfi	gras- og mólendi				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Utan svæðis				



Í örnefnalýsingu segir: „Upp af Kvíabará er stekkjarrúst, sem heitir Stefánsstekkur. Þar er og fjárhústóft. Umhverfis rústirnar er flöt grasgefin, sem venjulega er slegin.“ Þessi stekkur [3526-806] er í stórpýfðri hlíð ofan við bæjartúnið, vestan við Húsahól [3526-800] og gistihús á Grund. Hann er utan við skráningarsvæðið en var þó mældur upp. Stekkurinn snýr nokkurn veginn norður - suður og er opin í norður. Hann er 10 m langur og 5,8 m á breidd. Veggir eru 1-1,2 m á breidd og 0,3 -0,6 m á hæð. Þeir eru yfirgrónir grasi og sést ekki grjót en eru sennilega hlaðnir úr torfi og grjóti.


Nr.	3526-807	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	Grund 5:1	Jarðatalsnr.	211
Svæði		Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	tóft	Hlutverk	beitarhús	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	greinanlegar	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	engin hætta	Efni	torf og grjót	Aldur frá	1700	Aldur til	1900
Leid		Horfin	nei	Horfin ástæða			
Lengd m	10	Breidd m	7,3	Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m	0,2	Veggjahæð til m	0,4	Breidd veggjar m	1,3		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301174,6660	Isnet N	498502,3159	Heimildir			
Minjagildi	nokkurt	Umhverfi	gras- og mólendi				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	10 m utan svæðis				



Við fornleifaskráningu árið 1998 er lýst tvíhólfa tóft um „35 m ASA af vegamótum þjóðveggar og heimreiðar að Grund. Á sléttum fleti undir brekkurót.“ Þetta er örlítið utan við mörk skráningarsvæðisins en tóftin var þó mæld upp. Hún stendur fyrir framan svolíttinn gilskorning í hlíðinni, snýr nokkurn veginn austur - vestur og opnast að girðingu sem lögð hefur verið fast upp að henni vestan megin. Nyrðra hólfið er styttra en hið syðra lengra. Veggir eru á bilinu 0,2-0,4 m að hæð og um 1,2 m á breidd, gólfín svolítið niðurgráfin. Tóftin virðist hafa haldist lítið breytt frá fyrri skráningu nema hvað þar er lýst hleðslugrjóti sem ekki er lengur sýnilegt. Hún er nú vel yfirgróin grasin. Ef til vill hefur þarna verið beitarhús.

Nr.	3526-808	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Grundartún	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	heimild	Hlutverk	útihús	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		


Ástand	sést ekki	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	v/framkvæmda	Efni	annað	Aldur frá	1800	Aldur til	1930
Leid		Horfin	já	Horfin ástæða			
Lengd m		Breidd m		Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m		Veggjahæð til m		Breidd veggjar m			
Mæling	uppmæling	Túnakort	Túnakort 1917-1918	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301190,815	Isnet N	498258,0079	Heimildir			
Minjagildi	ekki metið	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari		Mótvægisáðgerðir					



Á túnakort er hús [3526-808] merkt inn fast austan við bæinn og er líklega um einhvers konar útihús að ræða. Engar minjar sjást um þetta hús en ætla má að það sé hluti af bæjarhólnum [3526-800].


Nr.	3526-809	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Grundartún	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	heimild	Hlutverk	matjurtagarður	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		

Ástand	sést ekki	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	v/framkvæmda	Efni	annað	Aldur frá	1850	Aldur til	1930
Leid		Horfin	já	Horfin ástæða	sléttað yfir		
Lengd m		Breidd m		Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m		Veggjahæð til m		Breidd veggjar m			
Mæling	uppmæling	Túnakort	Túnakort 1917-1918	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301185,0999	Isnet N	498246,8950	Heimildir			
Minjagildi	ekki metið	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	staðsetning ónákvæm				




Á túnakorti er matjurtagarður [3526-809] sýndur fast suðaustan við bæinn og sunnan við útihús [3526-809]. Engin ummerki sjást lengur um þennan garð en minjar hans gætu leynst í Húsahól [3526-800].

Nr.	3526-810	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Grundartún	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	heimild	Hlutverk	útihús	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	sést ekki	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	v/framkvæmda	Efni	annað	Aldur frá	1800	Aldur til	1930
Leid		Horfin	já	Horfin ástæða			
Lengd m		Breidd m		Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m		Veggjahæð til m		Breidd veggjar m			
Mæling	uppmæling	Túnakort	Túnakort 1917-1918	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301247,489	Isnet N	498291,3449	Heimildir			
Minjagildi	ekki metið	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari		Mótvægisáðgerðir	Staðsetning ónákvæm				




Á túnakorti er hús [3526-810] merkt inn norðan við hlöðu [3526-801]. Líklega hefur þar verið útihús en engin merki sjást þó lengur um það. Malarvegur sem liggur frá núverandi húsum austur yfir túnið gæti hafa lent ofan á stæði þess eða þá að það hafi horfið í skurð sem virðist hafa legið yfir túnið á sömu slóðum en örlítið sunnar. Vegurinn sést ekki á loftmynd frá árinu 2017. Þá er skurðurinn kominn en hann er hins vegar ekki sýnilegur á loftmynd sem var tekin 2016. Á loftmynd árið 2023 hefur vegurinn verið lagður og fyllt upp í skurðinn.

Nr.	3526-811	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Grundartún	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	heimild	Hlutverk	útihús	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	sést ekki	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	v/framkvæmda	Efni	annað	Aldur frá	1800	Aldur til	1930
Leid		Horfin	já	Horfin ástæða			
Lengd m		Breidd m		Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m		Veggjahæð til m		Breidd veggjar m			
Mæling	uppmæling	Túnakort	Túnakort 1917-1918	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301234,1539	Isnet N	498321,6660	Heimildir			
Minjagildi	ekki metið	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	Staðsetning ónákvæm				




Á túnakort er merkt inn rúst [3526-811] norðan við hús [3526-810]. Engin merki sjást lengur um hana og hefur hún væntanlega verið sléttuð í túnið. Staðsetning er ónákvæm og ekki er hægt að greina tóftina á eldri loftmyndum.

Nr.	3526-812	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Grundartún	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	heimild	Hlutverk	útihús	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	sést ekki	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	v/framkvæmda	Efni	annað	Aldur frá	1800	Aldur til	1930
Leid		Horfin	já	Horfin ástæða			
Lengd m		Breidd m		Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m		Veggjahæð til m		Breidd veggjar m			
Mæling	uppmæling	Túnakort	Túnakort 1917-1918	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301217,9610	Isnet N	498357,2270	Heimildir			
Minjagildi	ekki metið	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari		Mótvægisáðgerðir	Staðsetning ónákvæm				



Á túnakorti er merkt inn rúst [3526-812] norðan við rúst [3526-811]. Engin merki sjást heldur um þessa nyrðri rúst. Hún gæti hafa horfið í túnið eða lent undir gáma- og ruslaplani sem nú er norðaustan við gistihúsið á Grund. Þetta plan sést ekki á loftmynd frá árinu 2017 en er komið á loftmynd 2023. Ekki er heldur hægt að greina tóftina á eldri loftmyndum og er staðsetning hennar ónákvæm.

Nr.	3526-813	Bæjarnafn	Grund	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	211
Svæði	Grundartún	Sveitafélag	Grundarfjarðarb	Dagur	23.11.2025	Skráning	RKT &
Tegund	heimild	Hlutverk	útihús	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning deiliskipulag		
Ástand	sést ekki	Hættumat		Hættuorsök			
Hætta tilefni	v/framkvæmda	Efni	annað	Aldur frá	1800	Aldur til	1930
Leid		Horfin	já	Horfin ástæða			
Lengd m		Breidd m		Hæð m		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá m		Veggjahæð til m		Breidd veggjar m			
Mæling	uppmæling	Túnakort	Túnakort 1917-1918	Verkefna nr MÍ	3526		
Isnet E	301260,1890	Isnet N	498355,3219	Heimildir			
Minjagildi	ekki metið	Umhverfi	garðlönd og tún				
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	Staðsetning ónákvæm				



Á túnakort er merkt inn hús [3526-813] í norðausturhorni túnsins. Líklega hefur þarna verið útihús, en engar minjar sjást um það. Væntanlega hefur það verið sléttað í túnið. Staðsetning er ónákvæm og ekki er hægt að greina tóftina á eldri loftmyndum.



Deiliskipulag Grund 2

- Fornleifar
- Svæðið

0 20 40 80 120 Meters





Þurabýli-útihús ? [803]

803

0 1 2 4 6 Meters



Heimild um útihús [810]

Hlöðuhóll [801]

Húsahóll-bæjarhóll Grundar [800], útihús [808] og matjurtagarður [809]

0 3.5 7 14 21 Meters





Stefánsstekkur [806]

Fjárhús eða matjurtagarður ? [805]


0 1 2 4 6 Meters

Hjaltalínsrústir [804]





Beitarhús [807]





Kvíaar [802]



0 0.75 1.5 3 4.5 Meters